

Of mikil bjartsýni.

Athugasemd.

I.

V. P. G. létt í ljósi í hinu fróðlega erindi sínu í kvöld „um daginn og veginn“, meiri bjartsýni en ástæða virðist til. Saga jarðarinnar sýnir ótvíraðlega, að gallar á lifinu hér hafa stöðugt ágerzt eftir því sem á leið. Framvindan hefir ekki verið í rétta átt. Og þegar mannkynið loks kemur til sögunnar, aukast þjáningar jarðlifsins nálega óviðjafnanlega mikið. En aldrei í allri sögu mannkynsins hafa jafn margir verið kviðnir og hrellir einsog nú. Og þó er það augljóst af því hversu rangt stefnir, að þetta sem nú gerist, er aðeins inngangur að ennþá miklu meiri hörmungum, svo miklu meiri, að ekki væri viðreisnar von, ef ekki geta orðið alger aldaskifti. Það þarf að bjarga við lifinu hér á jörðu, og það mjög bráðlega, ef vel á að geta farið. En leiðin til þess, og að visu eina leiðin, er sú, að náð verði sambandi við fullkomnari lifverur, sem aðrar jarðstjörnur byggja. Ef til vill getur það verið nokkur hjálp til að skilja þýðingu sambands við betur stödd mannfelög, ef menn vildu hugleiða hvernig farið mundi

hafa fyrir íslenzku þjóðinni, ef ekki hefði verið kostur sambands við þjóðir, sem blíðari lönd byggja.

II.

Pá minntist V. P. G. á hina viðkunnu drauma- og tímafræði Dunnes, en hún er álika flókin og álika mikils virði og hinrar mjög svo flóknu skýringar stjörnufræðinganna á brautum reikistjarnanna, er fram komu meðan ekki var til skilningur á því tundirstlöðuatriði, að jörðin er sjálf ein af reikistjörnunum, og fer í kringum sólinna einsog þær. Draumafræði Dunnes á upptök sín í algeru skilningsleysi á hinu sanna eðli draumlifssins. En þegar það hefir verið í ljós leitt, verður auðskilið, hvernig það getur atvikast, að menn sjáí fyrir, hvað framtíðin ber í skauti sínu. Menn geta fengið samband við skyldar en lengra komnar viðburðarásir á einhverri annari jörð. Eða, með öðrum orðum, við staði, þar sem er að gerast slikt sem til stefnir hér á jörðu, svo að það, sem þar er nútíð, líkist því sem hér er framtíð. Eða þá við svo miklu fullkomnara vit, að þaðan má

hafa vitneskju um það, til hvers dregur hér hjá oss. Og það er einungis þar sem andlegt líf er á eins lágu stigi og hér á jörðu, sem það er óheppilegt, að geta skyggst inn í framtíðina. Þar sem lengra er komið, sjá menn svo glögglega til hvers dregur, að þeir geta skift um orsakir og breytt þarmeð viðburðarásinni þannig, að yfirvofandi vandræðum verði afstýrt.

III.

Pessa sögu hefi eg séð, og talðar góðar heimildir fyrir. Þrjá — heldur en tvo — flugmenn á sömu vél dreymdi eina nótt alla (eða háða), að þeir mundu farast ef þeir legðu upp í flug næsta dag. Draumurinn var svo skýr, og áhrif hans svo mikil, að þeir hættu við fyrirhugað flug næsta morgun. En begar á daginn leið, dofnuðu áhrif draumsins svo, að þeir lögðu upp í flugið, og fórust. Draumurinn mun hafa verið þannig til kominn, að einhver íbúi annarar stjörnu, fram liðinn þangað héðan af jörðu, sá hvað verða vildi, og gerði tilraun til að bjarga flugmönnum. En að tilraunin mistókst, stasaði af því, að flugmennirnir skildu ekki hvering draumurinn var til kominn, og kunnu þessvegna ekki nægilega að meta gildi þessarar aðvörunar.

14. apríl.

Helgi Pjeturss.

J. Sigmundsson
1941